

# SMS skilaboð í gegnum Noona HQ

Last Modified on 22/06/2026 10:37 am BST

Það er ekki bara hægt að nýta Noona HQ til þess að senda út áminningarskilaboð á viðskiptavini. Í þessari hjálpargrein verður farið yfir hvernig þú getur nýtt þér SMS valmöguleikana í Noona HQ til fulls ☑

## Áminningarskilaboð

Áminningar SMS fara út daginn áður en viðskiptavinur á bókaðan tíma (24 klst fyrir). Venjuleg áminningarskilaboð líta svona út:


*Sara, tíminn þinn er klukkan 14:00 á morgun 09.07  
- Afbokanir: 528-0080*

*- Noona neglur*

Hér á viðskiptavinurinn Sara bókaðan tíma hjá fyrirtækinu Noona neglur. Ef að skrópvörnin er virk mun bætast við neðst í skilaboðin:

*Ath. skrop getur leitt til gjalds*

Það er einnig hægt að breyta því sem stendur í skilaboðunum og breyta hvenær þau eru send út með því að sérsníða þau. Það er gert með því að fara í **Valmyndina -> Skilaboð -> Áminningar**.



## SMS herferðir

Það er einnig hægt að senda út SMS á stóran hóp viðskiptavina í einu. Það er gert með því að fara í **Valmyndina -> Skilaboð -> Hópskilaboð**.

## Skilaboð

Hópskilaboð

Staða

Áminningar

## Hópskilaboð

Hópskilaboð eru kjörin leið til þess að auglýsa, tilkynna breytingar eða láta viðskiptavini vita af mikilvægum breytingum. Fyrir herferðir í tölvupósti, geturðu flutt viðskiptavinalistann í annað kerfi, eins og t.d. Mailchimp.

Gakktu úr skugga um að viðskiptavinir þínir hafi samþykkt að fá markaðsskilaboð.

Skilaboðin

0/320

Kæru viðskiptavinir, í dag er afsláttur af öllum nýjum vörum. Ekki láta happ úr hendi sleppa! Kær kveðja <3

Viðskiptavinir starfsmanns

Allir starfsmenn ▾

Hafa bókað þjónustu

Hvaða þjónusta sem er ▾

Tilheyra hópnum

Hvaða hópur sem er ▾

Tími bókunar

Á morgun ▾



Sleppa viðskiptavinum sem eiga bókun eftir 22. jún 2026

Senda út herferð (0 ISK)

Sækja .csv skrá með 0 viðskiptavinum

## Hvernig get ég verið viss um að skilaboðin hafi verið send út?


Það er hægt að skoða stöðuna á SMS skilaboðum með því að fara í Valmyndina -> Skilaboð -> Staða. Þú getur einnig séð þetta í tímabókuninni sjálfri undir "Breytingasaga".



## Senda skilaboð á einn viðskiptavin

Svo er alltaf hægt að nota Noona HQ til þess að senda skilaboð á ákveðinn viðskiptavin.

Þú gerir það með því að finna tímabókun viðskiptavinarins á dagatalinu -> ýta á bókunina -> og smella á "SMS" undir valinn tími.



## Senda SMS



Sara Jónsdóttir

+354 5280080

Skilaboð

123/320

Sara Jónsdóttir, tíminn þinn er kl. 14:00 í dag (22.06). Forföll tilkynnast í s: 5280080

Kveðja Noona Neglur

Senda skilaboð

Hætta við

Gangi ykkur vel og ekki hika við að hafa samband í gegnum bláu spjallbúbbbluna ef að þið hafið frekari spurningar ♥